

406. fundur
Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
miðvikudaginn 16. september 2009 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir , Oddviti

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki. Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. 0907006F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 46

Fundargerðin staðfest með öllum atkvæðum.

2. 0908005F - Fjallskilanevnd - 1

Fundargerðin staðfest með öllum atkvæðum.

3. 0909004F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 28

Fundargerðin staðfest með öllum atkvæðum.

4. 0909004F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 29

Fundargerðin staðfest með öllum atkvæðum.

5. 0909074 - Minjasafn Egils Ólafssonar. Ársreikningur

Lagt fram til kynningar.

6. 0909068 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 766. fundar

Lagt fram til kynningar.

7. 0909041 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Fundargerð frá stjórnarfundum 8. júlí

Lagt fram til kynningar.

8. 0909048 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Fundargerð stjórnar 5. ágúst

Lagt fram til kynningar.

9. 0909054 - Hafnarsamband Íslands. Fundargerð 322. fundar

Lagt fram til kynningar. Hreppsnefnd fagnar boðaðri heimsókn stjórnar hafnarsambandsins.

10. 0909070 - Alþingi. Fundur sveitastjórnar með fjárlaganefnd. Bréf dagsett 8. ágúst

Oddviti kynnti fundarmönnum að fundur er bókaður miðvikudaginn 30. september kl. 13.20, með fjárlaganefnd.

11. 0909066 - Hafnarsamband Íslands. Hafnarfundur 2009. Bréf dagsett 21. ágúst

Hreppsnefnd mun ekki senda fulltrúa á fundinn.

12. 0909053 - Alþingi, alsherjarnefnd. Frumvarp til umsagnar. Bréf dagsett 4. ágúst

Oddviti vísaði í umsögn Sambands Ísl. sveitarfélaga vegna málsins.

13. 0909080 - Dreifmennt, SnæVest samningar.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi drög og tillögu um jafna skiptingu kostnaðar pr. kennslustund og veitir oddvita umboð til að undirrita samninga er lúta að verkefninu Dreifmennt Snæ-Vest fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps. Samþykkt einróma.

14. 0909081 - Búfjáreftirlit, síðari umræða

Ein ábending barst vegna málsins frá Marinó Bjarnasyni og Freyju Magnúsdóttur og var oddvita falið að svara henni. Oddviti bar upp samþykktina án breytinga og var hún samþykkt samhljóða.

15. 0909082 - Samningur um skólamáltíðir, sbr tölvupóst frá 27. ágúst 2009

Samningurinn lagður fram og samþykktur með öllum atkvæðum.

16. 0909083 - Neyðarnót - viðskiptaáætlun

Kannað verði að fá aðila til sex mánaða vinnu með framlagi frá Vinnumálastofnum og skoða sérstaklega markaðssetningarmöguleika. Samþykkt einróma.

17. 0909084 - Orkustofnun. Heitt vatn. Kynning á stöðu mála

Allir tóku til máls um málið. Unnið er að drögum að samningi við landeigendur og hreppsnefnd samþykkir að lögfræðingur lesi yfir samninginn áður en hann er lagður fyrir landeigendur. Samþykkt einróma.

18. 0909085 - Finnur Pétursson. Tölvupóstur barst 11. september

Finni þökkuð ábendingin og hreppsnefnd notar tækifærið til að hvetja fólk til að senda inn skemmtilegar fréttir og myndir. Samþykkt samhljóða.

19. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Hreppsnefnd samþykkir að oddviti sendi byggingarnefnd bréf vegna svonefndrar gámabyggðar á hafnarsvæðinu, þar sem farið verði yfir feril málsins og nefndin skili tillögum í samræmi við umræður á fundi hreppsnefndar fyrir októberfund. Hreppsnefnd óskar sérstaklega eftir tillögum um stöðugjald vegna gámanna.

Aðgangseyrir á tjaldstæði og í sundlaug hefur aukist verulega milli ára skv. upplýsingum oddvita og á starfsfólkið hrós skilið fyrir sína frammistöðu.

20. 0909073 - Þjónusta og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda. Kynning

Lagt fram til kynningar.

21. 0909065 - Halldór Karl Hermannsson. Þakkir vegna stuðnings við gerð BS ritgerðar. Bréf dagsett 18. ágúst

Oddvita falið að fá ritgerðina á tölvutæku formi til að dreifa til hreppsnefndarmanna.

22. 0909051 - Menntamálaráðuneytið. Úthlutun úr námsgagnasjóði

Lagt fram til kynningar.

23. 0909049 - UNICEF. Bréf dagsett 28. júlí

Lagt fram til kynningar.

24. 0909045 - AFS á Íslandi. Bréf dagsett 20. júlí

Lagt fram til kynningar.

25. 0909044 - Menntamálaráðuneytið. Framlag til námsgagnasjóðs. Bréf dags. 21. júlí

Lagt fram til kynningar.

26. 0909043 - Félag fagfólks í frítímaþjónustu

Lagt fram til kynningar.

27. 0909087 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Framlög sveitarfélaga til Markaðsstofu Vestfjarða

Hreppsnefnd fagnar frumkvæði stjórnar markaðsstofu um lækkun á framlagi sveitarfélaga til stofnunarinnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.20

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____